

# Ristilspeglun



Ristilspeglun er rannsókn þar sem neðri hluti meltingarvegar er skoðaður að innan með sérstöku speglunartæki. Slímhúð ristils er skoðuð með tilliti til breytinga svo sem bólgubreytinga eða sepamyndana. Algengar ástæður fyrir rannsókninni eru; blóðleysi, kviðverkir, breyttar hægðavenjur, blóð í hægðum og grunur um bólgusjúkdóm.

## Undirbúningur fyrir ristilspeglun

Fyrir rannsóknina þarf að hreinsa meltingarveginn með hægðalosandi lyfjum og vökva. Mikilvægt er að fara nákvæmlega eftir fyrirsmælum um úthreinsun svo skoðunin takist sem best. Ef úthreinsun er ófullkomin er erfiðara að sjá og meta slímhúð ristilsins.

Sjá meðfylgjandi leiðbeiningar um úthreinsun fyrir ristilspeglun

Taktu fram ef um er að ræða:

- Alvarlegan sjúkdóm, svo sem lungna-, hjarta- eða nýrnasjúkdóm.
- Þungun.
- Ofnæmi, svo sem lyfjaofnæmi eða latexofnæmi.

Ef þú notar fæðubótarefni eins og turmeric, ginseng, hvítlauk, omega 3 fitusýrur og lýsi er mælt með að hætta inntöku þeirra tveimur vikum fyrir speglunina vegna blóðþynnandi áhrifa.

## Vinsamlegast hafðu meðferðis í speglunina upplýsingar um lyf / lyfjakort

### Framkvæmd speglunar

Speglunin fer fram á deild 11-D á Landspítalanum við Hringbraut. Þar tekur hjúkrunarfræðingur á móti þér og undirbýr fyrir rannsóknina. Farið er í sérstakar speglaabuxur sem eru opnanlegar að aftan. Skráðar eru heilsufarsupplýsingar, veitt fræðsla varðandi rannsóknina og spurningum svarað ef einhverjar eru. Settur er upp æðaleggur í handlegg.

Áður en rannsóknin hefst eru gefin lyf í gegnum æðalegginn, oftast bæði róandi og verkjastillandi. Við rannsóknina er speglunartækið, sem er löng, mjó og sveigjanleg slanga með myndavél á endanum, þrætt inn um endaparminn og upp eftir ristlinum. Í byrjun speglunar er legið á vinstri hlið og fætur dregnir upp að kvið en oft þarf að snúa sér yfir á bak á meðan á speglun stendur. Endaparmur er skoðaður fyrst, því næst er speglunartækið þrætt upp ristilinn. Litlu magni af lofti er dælt inn í ristilinn til að fá betri yfirsýn og getur það orsakað þrýstingstilfinningu sem yfirleitt er skammvinn. Vefjasýni eru tekin ef þörf krefur og er það sársaukalaust. Öll sýni eru send til vefjagreiningar. Ef separ finnast við speglunina eru þeir fjarlægðir ef hægt er. Yfirleitt er ristilspeglun óþægindalítill, þó geta komið kveisuverkir meðan á henni stendur. Reynt er að draga sem mest úr óþægindunum með lyfjagjöf. Góð slökun og að anda djúpt og rólega nokkrum sinnum dregur einnig úr óþægindum.


Speglunin tekur að jafnaði 30 – 40 mín.

### Að speglun lokinni

- Þeir sem eru innliggjandi á sjúkrahúsinu fara aftur á sína deild að speglun lokinni.
- Þeir sem koma að heiman fara á vöknun. Þar fylgist hjúkrunarfræðingur með líðan og ástandi eftir speglunina.
- Gerið ráð fyrir að dvelja á speglunardeildinni í rúmlega klukkustund eftir speglunina eða eftir þörfum meðan enn gætir áhrifa róandi og verkjastillandi lyfja.

- Vægir vindverkir eftir speglunina eru eðlilegir, þeir líða venjulega fljótt hjá. Gott er að leysa vind því það dregur úr þessum verkjum.
- Ef separ eru fjarlægðir eða sýni tekin úr ristli gæti komið örlítið blóð frá endaparmi í einn til tvo daga eftir speglun.
- Drekka má strax að lokinni speglun og borða eftir að heim er komið. Ráðlegt er að byrja á léttu fæði.
- Niðurstöður speglunar og leiðbeiningar um framhaldið eru gefnar í viðtali við lækni áður en farið er heim. Niðurstöður úr sýnatöku liggja fyrir að viku liðinni og mun læknir hringja í þig varðandi niðurstöðurnar.
- Vegna lyfjagjafarinnar þurfa að líða 24 klst. þar til óhætt er að aka bíl eða stýra tækjabúnaði. Því þarf að gera ráðstafanir varðandi heimferð.

## Ristilspeglun



**Hafið samband við speglunardeild eða bráðamóttöku ef eftirtalin einkenni koma fram:**

- Slæmir kviðverkir
- Hrollur og hiti  $> 38^{\circ}\text{C}$
- Miklar blæðingar frá endaparmi
- Tjörusvartar hægðir á næstu tveimur vikum eftir speglun

**Fylgikvillar**

Ristilspeglun er talin örugg rannsókn en eins og við öll læknisfræðileg inngrip geta komið upp ófyrirséðir fylgikvillar. Hætta er á blæðingum, einkum ef teknir eru separ. Slíkar blæðingar stöðvast oftast af sjálfu sér en í einstaka tilfellum getur þurft að bregðast við þeim. Aðrir fylgikvillar eru mjög sjaldgæfir.

Speglunin fer fram á deild 11-D Landspítala Hringbraut: \_\_\_\_\_

Greitt er fyrir speglunina samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, sjá sjukra.is

**Símanúmer**

Speglunardeild 11-D Landspítala Hringbraut: Opið kl 8 – 16 virka daga, sími 543 6150

Skiptiborð Landspítala: Opið allan sólahringinn, sími 543 1000

**Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.**

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.